



Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi

23. nóv. 1992

Alþingi

Erindi nr. Þ 116/366

komudagur 23/11 1992

Frumvarp til laga um neytendalán.

Í framhaldi af fundi með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og hagsmunaaðilum þann 28. október sl. og með hliðsjón af skriflegum athugasemdum sem bárust frá Verslunarráði Íslands, dags. 2. nóvember sl., vill viðskiptaráðuneytið koma eftirfarandi tillögum á framfæri:

Um 13. gr.

Ráðuneytið felst á það sjónarmið sem fram kemur í umsögn V.Í. og mælir með tillögu þeirri sem fram kemur í umsögninni og hljóðar þannig:

Í auglýsingum eða tilboðum sem liggja frammi á starfsstöð lánveitanda skal tilgreina vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal við sama tækifæri einnig gefa upp staðgreiðsluverð.

Um 20. gr.

Ekki er mælt með tillögu V.Í. um að bæta 4. mgr. við greinina.

Um 21. gr.

Ekki er fallist á tillögu V.Í. um að seljendur hafi tryggingu vegna hugsanlegra vanefndakrafna neytenda.

Aftur á móti leggur ráðuneytið til að í greinina verði bætt við orðunum "eða annarri skuldarviðurkenningu" þannig að greinin hljóði þannig:

Lánveitanda er ekki heimilt að taka við vixli eða annarri skuldarviðurkenningu af neytanda sem greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu, sem við framsal getur valdið því að réttur neytanda til þess að halda uppi mótbárum glatast. Ekki er heldur heimilt að taka við ávísunum útgefnum af neytanda sem tryggingu fyrir greiðslu í þessu sambandi.

Um 24.-26. gr.

Fallist er á tillögu V.Í. um að 24. og 25. gr. falli brott og að 1. og 2. másl. 26. gr. falli brott en að 3. másl. greinarinnar verði 5. mgr. 22. gr.


Um 30. gr.

Fallist er á tillögu V.Í. um að 2. mgr. 30. gr. falli brott.

Um 9. kafla.

Fallist er á að breyta heiti kaflans í Bótaskylda og gildistaka.

F. h. r.

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'Jón Þorsteinsson', written in black ink on a white background.